

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, Bakkar, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, frá 9. janúar 1981.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Opið svæði til sérstakra nota (tjaldsvæði) sunnan Bakkavegar breytist í íbúðarsvæði.
- Austasti hluti íbúðarsvæðis norðan Bakkavegar breytist í opið svæði til sérstakra nota (tjaldsvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2005